

**3352. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
13. september 2018 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adólfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adólfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1808057 - Framtíðarpörf á leikskólaplássum á Akranesi**

Skóla- og frístundaráð samþykkti erindisbréf sem lagt var fram á fundi ráðsins 4. september, varðandi starfshóp um framtíðarpörf á leikskólaplássum á Akranesi og vísar málinu áfram til bæjarráðs.

*Bæjarráð samþykkir stofnun starfshóps skv. meðfylgjandi erindisbréfi en hópurinn hefur það hlutverk að meta framtíðarpörf fyrir leikskólapláss á Akranesi.*

*Starfshópurinn verður launaður samkvæmt nefndakjörum sbr. reglur um laun hjá Akraneskaupstað til bæjarfulltrúa og fyrir setu í ráðum, nefndum og starfshópum frá 13. júní 2017.*

*Fjármunum vegna starfa hópsins verður ráðstafað af liðnum 21030.*

**2. 1806169 - Mánaðar- og árshlutauppgjör 2018**

Sex mánaða uppgjör lagt fram.

Þorgeir Hafsteinn Jónsson fjármálastjóri situr fundinn undir þessum lið.

*Lagt fram.*

**3. 1801200 - Fjárhagsáætlun 2018 - viðauki**

Viðauki nr. 4 við fjárhagsáætlun ársins 2018 lagður fram til samþykktar í bæjarráði. Viðaukinn tekur til tímabilsins 1. júlí til og með 31. ágúst 2018.

*Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 4 við fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar 2018 og vísar viðaukanum til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.*

**4. 1806199 - Fjárhagsáætlun 2019 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2020-2022**

Samkvæmt samþykktri verk- og tímaáætlun er gert ráð fyrir að bæjarráð ákveði á þessum tímapunkti forsendur fjárhagsáætlunar sem stuðst verður við í áframhaldandi vinnu við gerð áætlunarinnar.

Þorgeir Hafsteinn Jónsson fjármálastjóri, Andrés Ólafsson verkefnastjóri og Sigmundur Ámundason aðalbókari sitja fundinn undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir grunnforsendur fjárhagsáætlunar vegna ársins 2019 og vegna tímabilsins 2020 - 2022.*

*Ákvörðunin byggir á þeim upplýsingum sem liggja fyrir samkvæmt helstu hagvísunum en þó með þeim fyrirvara að endurskoðun forsendna fari fram ef nauðsyn krefur.*

**5. 1808306 - SSV - haustþing 2018**

Haustþing Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi fer fram dagana 20. og 21. september næstkomandi.

*Bæjarráð samþykkir að Elsa Lára Arnardóttir, Ragnar B. Sæmundsson, Bára Daðadóttir, Raket Óskarsdóttir og Ólafur Adolfsson verði fulltrúar Akraneskaupstaðar á haustþingi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi sbr. fundargerð bæjarstjórnar frá 12 júní síðastliðnum. Auk þeirra sækir Sævar Freyr Bráinsson bæjarstjóri haustþingið.*

**6. 1805127 - Endurskoðun á bæjarmálasamþykkt.**

Endurskoðun bæjarmálasamþykktar Akraneskaupstaðar  
*Lagt fram til umræðu. Afgreiðslu frestað.*

**7. 1802401 - Þroskahjálp húsbýggingasjóður samstarf**

Á 85. fundi Velferðar- og mannréttindaráðs þann 5. september 2018 var fjallað um viðræður við Húsbýggingasjóð Þroskahjálpar um uppbyggingu á leiguhúsnæði fyrir fatlað fólk á Akranesi. Velferðar- og mannréttindaráð leggur til við bæjarráð að gerður verði samstarfssamningur við Húsbýggingasjóð Þroskahjálpar um uppbyggingu á leiguhúsnæði fyrir fatlað fólk á Akranesi samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir (stofnframlög). Samstarfinu verði skipt upp í tvo áfanga.

*Bæjarráð samþykkir að unnið verði að gerð samstarfssamnings á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir (stofnframlög) við Húsbýggingarsjóð Þroskahjálpar um uppbyggingu á leiguhúsnæði fyrir fatlað fólk á Akranesi. Samningsdrögin verði síðan lögð fyrir bæjarráð til umfjöllunar.*

**8. 1809084 - Fimleikahús - sérstök og frjáls skráning húsnæðisins**

Framlögð gögn vegna fyrirkomulags skattalaga um heimild til frjálsrar og sérstakrar skráningar mannvirkja.

*Bæjarráð samþykkir að óska eftir því við stjórn Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf. að félagið yfirtaki og kosti uppbyggingu á Fimleikahúsi á Akranesi. Bæjarráð fer þess á leit við stjórn félagsins að félagið yfirtaki þá samninga sem Akraneskaupstaður hefur gert varðandi verkframkvæmdina en fimleikhúsið verður reist á sameiginlegri lóð Brekkubæjarskóla að Vesturgötu 120 og íþróttahússins að Vesturgötu 130.*

*Bæjarráð óskar jafnframt eftir að stjórn Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf. samþykki fyrirbyggjandi leigusamning á milli Akraneskaupstaðar sem leigutaka og Fasteignafélags Akraneskaupstaðar sem leigusala, varðandi afnot Akraneskaupstaðar á Fimleikahúsinu í framtíðinni og að félagið sæki um sérstakra skráningu virðisaukaskatts til embættis ríkisskattstjóra vegna byggingar mannvirkisins og frjálsrar skráningar virðisaukaskatts vegna útleigu húsnæðisins.*

**9. 1809064 - Spölur - afhending Hvalfjarðaganga til ríkisins**

Erindi Spalar ehf. um hvenær gjaldtöku lýkur í Hvalfjarðargöngum.

*Bæjarráð fagnar þessum merku tímamótum og leggur áherslu á að áætluð tímamörk um yfirtöku ríkisins á Hvalfjarðargöngnum standist og að framkvæmdin verði með þeim hætti að það sé ekki til tjóns fyrir hluthafa Spalar ehf. og Eignarhaldsfélags Spalar hf.*

*Bæjarráð fagnar þeim fréttum að áfram verði mönnuð vakt í Hvalfjarðargöngunum eftir yfirtöku ríkisins. Bæjarráð telur mjög mikilvægt að áfram verði öryggi þeirra sem um göngin fara í fyrirrúmi líkt og verið hefur í tíð Spalar.*

**10. 1808272 - Þjóðbraut 3 - Umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Bestla Þróunarfélags ehf. um byggingarlóð við Þjóðbraut 3. Umsóknargjald hefur verið greitt og því umsókn tæk til afgreiðslu.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar til umsækjanda.*

**11. 1808273 - Dalbraut 6 - Umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Bestla Þróunarfélags ehf. um byggingarlóð við Dalbraut 6. Umsóknargjald hefur verið greitt og því umsókn tæk til afgreiðslu.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar til umsækjanda.*

**12. 1808271 - Þjóðbraut 5 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Bestla Þróunarfélags ehf. um byggingarlóð við Þjóðbraut 5. Umsóknargjald hefur verið greitt og því umsókn tæk til afgreiðslu.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar til umsækjanda.*

**13. 1807043 - Starf persónuverndarfulltrúa Akraneskaupstaðar**

Gengið hefur verið frá ráðningu við Berglindi Helgu Jóhannsdóttur um starf persónuverndarfulltrúa Akraneskaupstaðar. Um er að ræða tímabundna ráðningu til eins árs.

*Bæjarráð býður Berglindi velkomna til starfa hjá Akraneskaupstað og óskar henni góðs gengis í nýju starfi.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:55.**

*Elsa Lára Arnardóttir*

*Valgerður L. Jónsson*  
*Rann Ólafsson*

*Sam Freg þrástær*  
*Heimir Haldrup*